

Y f i r l ý s i n g

menntamálaráðherra og borgarstjóra

um samstarf ríkisins og Reykjavíkurborgar

í húsnæðismálum framhaldsskóla í Reykjavík

Fjölgun nema á framhaldsskólastigi á undanförunum árum gerir stefnumörkun í húsnæðismálum framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu, þar sem fjölgunarinnar gætir mest, brýna. Þröngt er orðið um kennslurými í mörgum framhaldsskólum og fyrirsjáanlegt er að þrengsli muni enn aukast ef ekki verður bætt við húsrými á allra næstu árum. Önnur brýn verkefni á þessu sviði snúa að endurbótum á eldra húsnæði, úrbótum við þá skóla sem búa við þrengsli og óhentugt húsnæði, og skiptum á húsnæði milli ríkisins og Reykjavíkurborgar.

Í viðræðum milli menntamálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar hefur náðst samstaða um eftirtalið í því augnamiði að leysa húsnæðisvanda framhaldsskólanna:

- I. Húsnæðismál framhaldsskóla í Reykjavík verði til umræðu í samstarfs- og framkvæmdanefnd þar sem eigi sæti tveir fulltrúar menntamálaráðuneytis, tveir fulltrúar borgarinnar og einn fulltrúi fjármálaráðuneytis.

Nefndin vinni tillögur um forgangsöröðun þeirra verkefna sem brýnast og hagkvæmast er að ráðast í og annast jafnframt áætlanagerð og undirbúning fyrir sérhverja framkvæmd, eftir því sem við á, fjallar um fjárhagslegar forsendur eignaskipta, þar sem um þau er að ræða, o.s.frv. Miðað er við að gerðir verði sérstakir samningar um framkvæmdir sem aðilar standa saman að og skulu þeir byggja á fjárveitingum Alþingis og fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.

- II. Eftirtalin verkefni eru forgangsverkefni:

a. Stækkun framhaldsskóla sem fyrir eru.

Nefndin hefji nú þegar undirbúning að stækkun þeirra framhaldsskóla sem fyrir eru, þ.e. við Fjölbrautarskólann við Ármúla, Menntaskólann við Hamrahlíð (þ.m.t. íþróttahús), Iðnskólann í Reykjavík og Fjölbrautarskólann í Breiðholti. Miðað skal við að fyrst verði ráðist í stækkun þeirra skóla þar sem hagkvæmast er að fjölga nemendarymum.

Ljóst er að huga þarf að öðrum smærri verkefnum, sem komið gætu til framkvæmda á næstu árum, svo sem byggingu íþróttahúsa.

b. Menntaskólinn við Sund.

Nokkrir valkostir eru uppi varðandi húsnæðismál Menntaskólans við Sund. Nefnd þeirri, sem skipuð skal skv. viljayfirlýsingu þessari, er falið að hefjast þegar handa við að meta með hvaða hætti húsnæðismálum Menntaskólans við Sund verður best hagað m.t.t. þess að jafnframt þarf að stækka Vogaskóla vegna einsetningar grunnskóla.

Miðað er við að heildarframlag ríkis og borgar til framangreindra verkefna (sbr. II.a. og II.b.) verði 250 mkr. á ári, næstu 5 ár, 150 mkr. frá ríki og 100 mkr. frá Reykjavíkurborg.

c. Menntaskólinn í Reykjavík

Framkvæmdum við Menntaskólann í Reykjavík verði skipt í tvo hluta, nýframkvæmdir og viðhald. Unnin verði áætlun um áfangaskiptingu framkvæmda við MR á 5-7 árum. Ríkið ber kostnað vegna viðhaldsþáttarins, sem verði unninn á næstu 5 árum. Ráðist verður í nýframkvæmdir þegar viðhaldsþættinum er lokið. Framlag Reykjavíkurborgar til nýframkvæmda við Menntaskólann í Reykjavík verður allt að 200 mkr.

Verði gerð breyting á lögum um framhaldsskóla og þátttaka sveitarfélaga í stofnkostnaði felld niður, falla framlög Reykjavíkurborgar, skv. yfirlýsingu þessari, niður frá og með þeim tíma er breytingin tekur gildi.

Menntamálaráðuneytið hyggst á komandi mánuðum láta fara fram mat á heildarrýmisþörf framhaldsskólastigins á höfuðborgarsvæðinu, m.a. í tengslum við undirbúning ákvarðana um styttingu framhaldsskólans í 3 ár. Samhliða því hyggst ráðuneytið ráðast í vinnu sem lýtur að því að marka stefnu varðandi nánari verkaskiptingu og sérhæfingu framhaldsskólanna á höfuðborgarsvæðinu. Stefnumótun þessi skal unnin í samráði við fræðsluyfirvöld á höfuðborgarsvæðinu.

Ráðuneytið hefur átt í viðræðum við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu um stofnun nýrra framhaldsskóla, þar sem m.a. hefur verið ræddur sá kostur að nýr framhaldsskóli rísi í Suður-Mjódd, með hugsanlegri kostnaðarþáttöku annarra sveitarfélaga. Viðræðum þessum verður fram haldið.

Með yfirlýsingu þessari telja menntamálaráðherra og borgarstjóri að forsendur hafi skapast til að vinna með markvissum hætti að uppbyggingu framhaldsskólanna í Reykjavík á komandi árum.

Reykjavík, 2. september 2003.

Tómas Ingi Olrich
menntamálaráðherra

Þórólfur Árnason
borgarstjóri